REGLUGERÐ

um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna.

1. gr.

Með ávana- og fíkniefnum er átt við í reglugerð þessari lyf og efni, sem talin eru á listum I-IV í „Single Convention on Narcotic Drugs" 30. mars 1961 ásamt viðaukum, og listum I-IV í „Convention on Psychotropic Substances" 19. febrúar 1971 ásamt viðaukum. Ennfremur önnur lyf og efni, sem sannað hefur verið við vísindalega rannsókn, að misnota megi á svipaðan hátt eða hafi lík skaðvænleg áhrif.

Ávana- og fíkniefni eru skráð á lista í fylgiskjali I með reglugerð þessari, og á sú skrá jafnframt við sölt efnanna og hvers konar samsetningar.

2. gr.

Innflutningur, útflutningur, sala, kaup, skipti, afhending, móttaka, framleiðsla, tilbúningur og varsla svo og hvers konar önnur meðferð ávana- og fíkniefni, sem merkt eru „B" í lista með reglugerð þessari, er óheimil á íslensku forráðasvæði.

Ráðherra getur veitt undanþágu frá þessu banni vegna vísindalegra rannsókna eða af öðrum sérstökum orsökum. Nú er reglum eða skilyrðum, sem ráðherra setur um slíkar undanþágur, ekki fullnægt og er ráðherra þá heimilt að nema þegar í stað úr gildi eða takmarka slíkar undanþágur.

3. gr.

Lyfsalar mega flytja inn og út, framleiða, selja og afhenda ávana- og fíkniefni, með þeim takmörkunum, sem kunna að verða gerðar samkvæmt reglugerð þessari eða öðrum ákvæðum.

Lyfjaverslun ríkisins og aðrar lyfjagerðir mega því aðeins flytja inn og út, framleiða og selja í heildsölu ávana- og fíkniefni að þær hafi til þess leyfi ráðherra.

Lyfjaheildsölur mega því aðeins flytja inn og út og selja í heildsölu ávana- og fíkniefni að þær hafi til þess leyfi ráðherra.

Leyfi samkvæmt 2. og 3. málsgrein skulu bundin hverju einstöku lyfi og efni.

Lyfsölum, Lyfjaverslun ríkisins, lyfjagerðum og lyfjaheildsölum er einum heimilt að afhenda ávana- og fíkniefni öðrum aðila, sbr. 7. gr., er leyfi hefur til vörslu, meðferðar eða sölu ávana- og fíkniefna. Þetta ákvæði nær ekki til afhendingar lyfjabúða og annarra er hafa leyfi til lyfjasölu til einstaklinga samkvæmt lyfseðli læknis (dýralæknis, tannlæknis).

Lyfjaverslun ríkisins, lyfjagerðum og lyfjaheildsölum er aðeins heimilt að afhenda ávana- og fíkniefni þeim aðilum, er rétt eiga og leyfi hafa til lyfjasölu hér á landi, svo og sjúkrahúsum, er uppfylla skilyrði, sem sett eru eða sett kunna að verða um meðferð lyfja á sjúkrahúsum.

4. gr.

Þeir, sem hafa leyfi til innflutnings skv. 3. gr. og hyggjast flytja inn ávana- og fíkniefni, hvort sem er í formi hráefnis eða samsetninga er innihalda efni, sem talin eru í fylgiskjali I, skulu sækja um innflutningsleyfi til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins í hvert sinn, áður en pöntun er gerð, sé þess krafist, sjá nánar í fylgiskjali.

Í umsókn skal greina:

1. Nafn og heimilisfang umsækjanda.
2. Nafn og heimilsfang seljanda.

3. Heiti efnis og magn. Ef um samsetningu er að ræða, þá heiti og magn þess ávana- og fíkniefnis, sem er í samsetningunni.
4. Hvernig efnið óskast flutt (í pósti, flugpósti o. s. frv.).
5. Til hverra nota efnið er ætlað (til lækninga, rannsókna o. s. frv.).

5. gr.

Ráðuneytið gefur út innflutningsleyfi. Frumrit og tvö afrit sendast umsækjanda, er sendir frumritið með pöntun sinni til seljanda.

Innflytjandi framvísar tollyfirvöldum, á innflutningsstað, afriti af innflutningsleyfi.

Efni þau, sem hér um ræðir, má ekki tollafgreiða, nema tollyfirvöldum hafi verið framvísað afriti af innflutningsleyfi, og aðeins til þess aðila, sem innflutningsleyfið heimilar. Sendingin skal vera merkt því nafni og heimilisfangi innflytjanda, sem í innflutningsleyfinu greinir. Óheimilt er að nota pósthólf, nafn banka eða annað þess háttar sem heimilisfang. Efnið skal í sendingu vera greinilega áritað því heiti, sem greint er í innflutningsleyfinu, en sá merkimiði má ekki vera á ytri umbúðum.

Jafnskjótt og innflytjandi hefur veitt efninu móttöku, skal hann rita á afrit sitt af innflutningsleyfinu dagsetningu, heiti og magn efnisins, sem hann í raun veitti viðtöku og senda afritið til ráðuneytisins, ásamt afriti af útflutningsleyfi hlutaðeigandi yfirvalda í landi seljanda, ef slíkt afrit hefur fylgt sendingunni.

6. gr.

Innflutningsleyfi gildir að jafnaði í fjóra mánuði nema heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið heimili annað. Verði innflutningsleyfi ekki notað, skal tilkynna það ráðuneytinu skriflega í síðasta lagi þann dag, er innflutningsleyfið rennur út. Ef um óunnið eða hálfunnið hráefni til lyfjagerðar er að ræða, skal flytja inn heimilað magn í einu lagi.

Sömu ákvæði og að framan greinir um innflutning gilda einnig ef um útflutning er að ræða.

Ákvæði þessi um innflutning og útflutning eiga ekki við um þau ávana- og fíkniefni, sem samkvæmt gildandi reglum skulu vera í lyfjakistum skipa eða loftfara og ekki heldur um þau lyf, sem einstaklingar flytja með sér til eigin nota og þeim hefur verið ávísað á lögmætan hátt og endast mega í allt að 10 daga, ef fyrirmælum læknis er hlítt.

7. gr.

Lyfsalar, héraðslæknar með lyfsölu, dýralæknar með lyfsölu, sjúkrahús, Lyfjaverslun ríkisins, lyfjagerðir og lyfjaheildsölur, sem annast vörslu og meðferð ávana- og fíkniefna samkvæmt reglugerð þessari skulu fylgja ákvæðum um skráningu á afhendingu eftirritunarskyldra lyfja samkvæmt nánari leiðbeiningum þar að lútandi.

Ennfremur skal skrá á sérstök eyðublöð notkun eftirritunarskyldra ávana- og fíkniefna við framleiðslu, rýrnun við framleiðslu og af öðrum orsökum svo sem vegna förgunar.

Útfyllt eyðublöð skulu send Lyfjaeftirliti ríkisins mánaðarlega fyrir 10. dag hvers mánaðar.

Óheimilt er að farga ávana- og fíkniefnum nema í samráði við Lyfjaeftirlit ríkisins og að viðstöddum lyfjaeftirlitsmanni.

8. gr.

Bannað er að afhenda ávana- og fíkniefni sem lyfjasýnishorn. Ráðherra getur veitt undanþágu frá þessu banni vegna vísindalegra rannsókna eða af öðrum sérstökum orsökum.

Aðilar samkvæmt 7. gr. skulu gera ársskýrslur varðandi ávana- og fíkniefni á sérstöku eyðublaði, sem látið er í té af ráðuneytinu. Ennfremur skulu þeir gefa á hverjum tíma þær skýrslur og upplýsingar, sem ráðuneytið telur nauðsynlegar til eftirlits með ávana- og fíkniefnum.

9. gr.

Um mál er rísa kunna vegna brota á reglugerð þessari fer að hætti opinberra mála.

10. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að einni milljón króna, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 árum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Tilraun og hlutdeild í brotum gegn reglugerð þessari eru refsiverð samkvæmt III. kafla hinna almennu hegningarlaga.

Ávana- og fíkniefni, sem aflað hefur verið á ólögmætan hátt eða eru á annan hátt í ólögmætri vörslu skal gera upptæk til ríkissjóðs. Þá skal og heimilt að gera upptækt til ríkissjóðs andvirði ólögmætrar sölu ávana- og fíkniefna, svo og hvers konar muni, sem notaðir hafa verið eða ætlaðir eru til ólögmætrar meðferðar efnanna.

11. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 2. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65 21. maí 1974 með síðari breytingum, öðlast gildi þegar við birtingu. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um ávana- og fíkniefni nr. 390/1974 með síðari breytingum nr. 159/1979 og nr. 385/1979, einnig ákvæði annarra reglugerða, er fara í bága við reglugerð þessa.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 7. janúar 1986.

F. h. r.
Jón Ingimarsson.

Ingolf. J. Petersen.

Fylgiskjal I.

Skýringar:

B. Efni, sem bönnuð eru á íslensku yfirráðasvæði, sbr. 2. gr. laga um ávana- og fíkniefni, nr. 65 21. maí 1974, með síðari breytingum og 2. gr. þessarar reglugerðar.

N I-IV. Efni talin á fylgiskjölum I-IV með Alþjóðasamningi um ávana- og fíkniefni 1961, með síðari breytingum, sbr. auglýsingu um aðild Íslands að alþjóðasamningi frá 30. mars 1961 um ávana- og fíkniefni nr. 22/1974 og auglýsingu um gildistöku bókunar frá 25. mars 1972 við alþjóðasamning um ávana- og fíkniefni 1961 nr. 16/1975.

P I-IV. Efni talin á fylgiskjölum I-IV með Alþjóðasamningi um ávana- og fíkniefni 1971, með síðari breytingum, sbr. auglýsingu um aðild Íslands að alþjóðasamningi frá 21. febrúar 1971 um ávana- og fíkniefni nr. 23/1974 og auglýsingu um gildistöku alþjóðasamnings frá 21. febrúar 1971 um ávana- og fíkniefni nr. 19/1976.

Öll efni á eftirfarandi lista eru eftirritunarskyld, nema annað sé tekið fram.

EFNI INN — nafn (latneskt)	Alþjóða-samningar N-1961 P-1971 Fsk. I-IV	Inn-/út-flutnings-leyfi krafist	Óheimilt sbr. 2. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr. hér að framan	Undanþágur og athugasemdir
Acetorphinum	N I	x	B	
Acetyldihydrocodeinum	N II + III	x		1)
Acetylmethadolum	N I	x		
Aethallymalum				5)9(3 g))
Alfentanilum	N I	x		
Allobarbitalum				5)9(3 g))
Allylprodinum	N I	x		
Alphacetylmethadolum	N I	x		
Alphameprodinum	N I	x		
Alphamethadolum	N I	x		
Alphaprodinum	N I	x		
Alprazolamum	P IV			5)
Amphepramonum	P IV			
Amobarbitalum	P III			9(3.0 g))
Amphetaminum	P II	x		2)
Anileridinum	N I	x		
Aprobarbitalum				9(3.0 g))
Apronalum				5)9(3 g))
Barbitalum	P IV			5)9(5.0 g))
Benzethidinum	N I	x		
Benzphetaminum	P IV	x		
Benzylmorphinum	N I	x		
Betacetylmethadolum	N I	x		
Betameprodinum	N I	x		
Betamethadolum	N I	x		
Betaprodinum	N I	x		
Bezitramidum	N I	x		
Bromazepamum	P IV			5)
Bufoteninum		x	B	
Buprenorphinum		x		
Camazepamum	P IV			5)
Cannabis	N I + IV	x	B	7)
Cannabis-harpeis	N I + IV	x	B	7)
Carisoprodolum				9(20/21 g #))
Cetobemidonum	N I + IV	x	B	
Chlordiazepoxidum	P IV			5)9(500/625 mg #))
Chlorphenterminum		x	B	
Clobazamum	P IV			5)
Clonazepamum	P IV			5)

EFNI INN — nafn (latneskt)	Alþjóða-samningar N-1961 P-1971 Fsk. I-IV	Inn-/út-flutnings-leyfi krafist	Óheimilt sbr. 2. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr. hér að framan	Undanþágur og athugasemdir
Clonitazenum	N I	x		
Clorazepatum	P IV			5)
Clotiazepamum	P IV			5)
Cloxazolamum	P IV			5)
Coca-blöð	N I	x		
Cocainum	N I	x		8)
Codeinum	N II + III	x		1)10 #)
Codoximum	N I	x		
Cyclobarbitalum	P III			5)9(3.0 g))
Delorazepamum	P IV			5)
Desomorphinum	N I + IV	x	B	
DET*	P I	x	B	
Dexamphetaminum	P II	x		2)
Dextromoramidum	N I	x		
Dextropropoxyphenum	N I + III	x		4)
Diacetylmorphinum sjá Heroin				
Diampromidum	N I	x		
Diazepamum	P IV			5)9(250/260 mg #))
Diethylthiambutenum	N I	x		
Difenoxinum	N I	x		5)
Dihydrocodeinum	N II + III	x		1)
Dihydromorphinum	N I	x		
Dimenoxadolum	N I	x		
Dimepheptanolum	N I	x		
Dimethoxybromo-amphetaminuum (DOB)	P I	x		
Dimethylthiambutenum	N I	x		
Dioxaphetyli butyras	N I	x		
Diphenoxylatum	N I + III	x		3)
Dipipanonum	N I	x		
DMHP*	P I	x	B	
DMT*	P I	x	B	
DOM sjá STP	P I	x	B	
Drotebanolum	N I	x		
Ecgonium	N I	x		
Estazolamum	P IV			5)
Etchlorvynolum	P IV			5)
Ethinamatum	P IV			5)
Ethyl loflazepatum	P IV			5)

EFNI INN — nafn (latneskt)	Alþjóða-samningar N-1961 P-1971 Fsk. I-IV	Inn-/út-flutnings-leyfi krafist	Óheimilt sbr. 2. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr. hér að framan	Undanþágur og athugasemdir
Ethylmethylthiambutenum	N I	x		
Ethylmorphinum	N II + III	x		1)6(1.0 g))
Eticyclidinum sjá PCE	P I	x	B	
Etonitazenum	N I	x		
Etorphinum	N I	x	B	
Etoxeridinum	N I	x		
Fentanylum	N I	x		
Fludiazepamum	P IV			5)
Flunitrazepamum	P IV			5)9(100 mg))
Flurazepamum	P IV			5)9(1.5/1.8 g #))
Folium coca	N I	x		
Furethidinum	N I	x		
Glutethimidum	P III			9(5.0 g))
Halazepamum	P IV			5)
Haloxazolamum	P IV			5)
Heptabarbitalum				5)9(3 g))
Heroin	N I + IV	x	B	
Hexobarbitalum				5)9(5.0 g))
Hydrocodonum	N I	x		
Hydromorphinolum	N I	x		
Hydromorphonum	N I	x		
Hydroxypethidinum	N I	x		
Isomethadonum	N I	x		
Ketazolamum	P IV			5)
Ketobemidon sjá Cetobemidonum				
Lefetaminum sjá SPA	P IV	x	B	
Levomethorphanum	N I	x		
Levomoramidum	N I	x		
Levophenacylmorphanum	N I	x		
Levorphanolum	N I	x		
Loprazolamum	P IV			5)
Lorazepamum	P IV			5)
Lormetazepamum	P IV	x		5)
LDS sjá Lysergidum				
Lysergidum	P I	x	B	

EFNI INN — nafn (latneskt)	Alþjóða-samningar N-1961 P-1971 Fsk. I-IV	Inn-/út-flutnings-leyfi krafist	Óheimilt sbr. 2. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr. hér að framan	Undanþágur og athugasemdir
Mazindolum	P IV	x	B	
Mecloqualonum	P II	x		
Medazepamum	P IV			5)9(250/300 # mg))
Meprobamatum	P IV			9(20 g))
Mescalinum	P I	x	B	
Metazocinum	N I	x		
Methadonum-intermediate	N I	x		
Methamphetaminum	P II	x		2)
Methaqualonum	P II	x		9(3.75 g))
Metharbitalum				5)
Methocarbamolum				5)9(25 g))
Methohexitalum				5)
Methyldesorphinum	N I	x		
Methyldihydromorhinum	N I	x		
Methylenedioxy-amphetaminum (MDA)	P I	x		
Methylphenidatum	P II	x		2)
Methylphenobarbitalum	P IV			5)
Methyptylonum	P IV			5)
Metoponum	N I	x		
Midazolamum				5)9(75 g))
Moramidum-intermediate	N I	x		
Morpheridinum	N I	x		
Morphinum	N I	x		
Morphinum-N-oxidum	N I	x		
Morphinum metobromidum og önnur morfínúrefni með 5-gildu köfnunar-efni	N I	x		
Myrophinum	N I	x		
Nicocodinum	N II + III	x		1)
Nicodicodinum	N II + III	x		1)
Nicomorphinum	N I	x		
Nimetazepamum	P IV			5)
Nitrazepamum	P IV			5)9(250 mg))
Noracymethadolum	N I	x		
Norcodeinum	N II + III	x		1)
Nordazepamum	P IV			
Norlevorphanolum	N I	x		
Normethadonum	N I	x		

EFNI INN — nafn (latneskt)	Alþjóða-samningar N-1961 P-1971 Fsk. I-IV	Inn-/út-flutnings-leyfi krafist	Óheimilt sbr. 2. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr. hér að framan	Undanþágur og athugasemdir
Normorphinum	N I	x		
Norpipanonum	N I	x		
Norpseudoephedrinum		x	B	
Opium	N I	x		
Oxazepamum	P IV			5)9(1.25/1.5 g #))
Oxazolamum	P IV			5)
Oxycodonum	N I	x		
Oxymorphonum	N I	x		
Oxypethidinum		x		
Parahexyl	P I	x	B	
PCE, sjá Eticyclidinum				
PCPY, sjá PHP/ Rolicyclidinum				
Pemolinum		x		2)
Pentazocinum	P III			
Pentobarbitalum	P III			9(3.0 g))
Pethidinum	N I	x		
Pethidinum — intermedidiate, ABC	N I	x		
Phenadoxonum	N I	x		
Phenampromidum	N I	x		
Phenazocinum	N I	x		
Phencyclidinum	P II	x	B	
Phendimetrazinum	P IV	x	B	
Phenmetrazinum	P II	x	B	
Phenobarbitalum	P IV			5)
Phenomorphanum	N I	x		
Phenoperidinum	N I	x		
Phenprobamatum				5)9(40 g))
Phenterminum	P IV	x		
PHP, sjá PCPY/Rolicyclidinum				
Pholcodinum	N II + III	x		1)
Piminodinum	N I	x		
Pinazepamum	P IV			5)
Pipradolum	P IV	x		
Piritramidum	N I	x		
Poppy straw	N I	x		
Prazepamum	P IV			

EFNI INN — nafn (latneskt)	Alþjóða-samningar N-1961 P-1971 Fsk. I-IV	Inn-/út-flutnings-leyfi krafist	Óheimilt sbr. 2. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr. hér að framan	Undanþágur og athugasemdir
Propheptazinum	N I	x		
Properidinum	N I	x		
Propiramum	N II	x		
Propylhexedrinum		x		
Psilocinum	P I	x	B	
Psilocybinum	P I	x	B	
Racemethorphanum	N I	x		
Racemoramidum	N I	x		
Racemorphanum	N I	x		
Rolicyclidinum, sjá PCPY/PHP	P I	x	B	
Secbutabarbitalum				5)9(5 g))
Secobarbitalum	P III			9(3.0 g))
SPA, sjá Lefetaminum				
STP*, sjá DOM				
Sufentanilum	N I	x		
TCP, sjá Tenocyclidinum				
Temazepamum	P IV			5)
Tenocyclidinum	P I	x	B	
Tetrahydrocannabinola	P I	x	B	
Tetrazepamum	P IV			5)
Thebaconum	N I	x		
Thebainum	N I	x		
Thiopentalum				
Tilidinum	N I	x		
Triazolamum	P IV			5)9(30 mg))
Trimeperidinum	N I	x		

Undanþágur og athugasemdir:

1) Innflutnings-/útflutningsleyfi þarf ekki fyrir lyf, er innihalda minna en 100 mg í hverjum afmældum skammti eða minna en 2,5% efnisins.
2) Sjá auglýsingu um takmarkanir á ávísun lækna á amfetamín og nokkur fleiri lyf nr. 293/1978.
3) Ekki þarf innflutnings-/útflutningsleyfi vegna taflna, er innihalda allt að 2,5 mg difenoksílats, ef þær innihalda einnig minnst 25 mcg af atrópínsúlfati í hverri töflu.
4) Ekki þarf að sækja um innflutnings-/útflutningsleyfi sérstaklega vegna lyfja, er innihalda minna en 135 mg dextróprópoxifenbasa í hverri afmældri einingu eða 2,5% efnisins í óskömmtuðu lyfjaformi. Lyfið má hins vegar ekki innihalda nein önnur ávana- og fíkniefni merkt P I — IV á listanum.

5) Undanþegið eftirritunarskyldu.
6) Undanþegið eftirritunarskyldu, ef ávísað magn á lyfseðli fer ekki umfram magn, er getið er í sviga. (Óblandaðir ópíumsdropar, ópíumsendaþarmsstílar og ópíumstöflur eru þó alltaf eftirritunarskyld).
7) Með cannabis og cannabis harpeis er átt við hvers konar galeniskar samsetningar og plöntuhluta.
8) Sjá auglýsingu um bann við vörslu og meðferð ávana- og fíkniefnis nr. 314/1981.
9) Hámarksmagn, sem ávísa má á lyfseðli, er getið í sviga. Sé einnig # í sviganum, merkir það tilvísun í reglugerð um gerð lyfseðla og ávísun lyfja, en þar er að finna nánari skýringar á uppgefnu hámarksmagni.
10) Undanþegið eftirritunarskyldu, ef ávísað magn er minna en 1 g, blandað öðrum virkum efnum.

* Efni, sem ekki hafa fengið INN-nafn.
DET: N,N-diethyltryptaminum.
DMHP: 3-(1,2-dimethylheptyl)-1-hydroxy-7,8,9,10-tetrahydro-6,6,9-trimethyl-6H-di benzo(b,d)-pyranum.
DMT: N,N-dimethyltryptaminum.
DOM/STP: 2-amino-1-(2,5-dimethoxy-4-methyl)-phenylpropanum.

3. janúar 1986 Nr. 17

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Keflavík, Njarðvík, Grindavík, Miðneshreppi, Gerðahreppi, Vatnsleysustrandarhreppi og Hafnahreppi fyrir árið 1986.

1. gr.

Upphæð gjalds fyrir hundahald fyrir árið 1986 skal vera kr. 4 000,00 fyrir hvern hund sbr. 2. gr. staflið b, í samþykkt nr. 337/1983 um hundahald í Keflavík, Njarðvík, Grindavík, Miðneshreppi, Gerðahreppi, Vatnsleysustrandarhreppi og Hafnahreppi.

2. gr.

Handsömunargjald skv. 3. gr. samþykktar nr. 337/1983 skal vera kr. 4 000,00 í fyrsta sinn, kr. 5 000,00 í annað sinn og kr. 6 000,00 í þriðja sinn.

3. gr.

Ofangreind gjaldskrá Keflavíkur, Njarðvíkur, Grindavíkur, Miðneshrepps, Gerðahrepps, Vatnsleysustrandarhrepps og Hafnahrepps staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 3. janúar 1986.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Ragnhildur E. Þórðardóttir.